



Framkvæmda- fréttir

6. tbl. / 10



Betur fór en á horfðist þegar flóðið frá gosinu í Eyjafjallajökli lenti á Markarfljótsbrú þann 14. apríl. Ákveðið var að rjúfa veginn austan við brúna og hefur það létt á álaginu. Á myndinni má sjá rof á þremur stöðum. Þegar þetta er skrifað að kvöldi þess dags standa vonir til að það versta sé yfirstaðið. Sjá fleiri myndir á bls. 6-7 Myndina tók Þórdís Högnadóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans, í flugferð vísindamanna og vegamálastjóra með flugvél Landhelgisgæslunnar til að kanna gosið, hlaupið og áhrif þess á mannvirki á Markarfljótssvæðinu.

Árangurs- og eftirlitsdeild, kynning á verkefnum - 1. hluti

Árangurs- og eftirlitsdeild hefur það meginhlutverk að hafa eftirlit með og árangursmeta verkefni í nýframkvæmdum, viðhaldi og þjónustu hjá Vegagerðinni. Deildin skal enn fremur rýna, samkvæmt ákveðnu verklagi, útboðslýsingar og burðarþolsútreikninga vega áður en boðið er út. Hún hefur eftirlit með að nýbygginga-, viðhalds- og þjónustuverkefni séu unnin samkvæmt stöðlum og reglum og mælir gæði verka og árangursmetur. Ennfremur hefur deildin gæðaeftirlit með umferðaröryggisrýni og umferðaröryggisaðgerðum.

Árangurs- og eftirlitsdeild er beint undir vegamálastjóra í skipuriti stofnunarinnar.

Aðsetur deildarinnar er í starfsstöð Vegagerðarinnar að Borgarsíðu 8, Sauðárkróki. Átta fastráðnir starfsmenn störfuðu á deildinni árið 2009 en þeim fækkaði um einn í lok árs.

Um þessar mundir eru starfsmenn deildarinnar að kynna niðurstöður starfseminnar á síðasta ári. Hér á eftir er dregið á nokkrum atriðum. Í næsta blaði verður haldið áfram með nokkur atriði til viðbótar.

Starfsemin árið 2009

Starfsemi og umfang verka á deildinni var með álíku hætti og á árinu áður. Umfang úttekta nýframkvæmda og viðhalds var þó aukið á árinu 2009 frá því sem verið hafði. Nú voru tekin til skoðunar verk sem enn voru í framkvæmd. Eftir sem áður voru skoðuð verk í nýframkvæmdum og viðhaldi sem þegar var lokið við. Með því að taka til skoðunar verk sem eru í framkvæmd má vonandi fyrirbyggja mistök, sem annars hefðu ekki uppgötvast fyrir en of seint.




Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

6. tbl. 18. árg. nr. 538 19. apríl 2010


Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Rýni útboðslýsinga

Árið 2009 var það fimmta sem útboðslýsingar eru rýndar hjá árangurs- og eftirlitsdeild. Markmiðssetning í skorkorti Vegagerðarinnar er að heildarfjöldi frávika við fyrirframrýni útboðsgagna í nýframkvæmdum sé minna en 10. Fjöldi alvarlegra frávika skal vera minni en 3 og fjöldi mjög alvarlegra frávika minni en 1.

Árið 2009 voru rýndar samtals 8 útboðslýsingar, þrjú nýbyggingarverk, þrjú viðhaldsverk og tvö vetrarþjónustuútböð. Meðaltal athugasemda í flokki 2 þ.e. alvarlegar athugasemdir hefur fækkað ár frá ári og er nú komið niður í 0,4. Engar mjög alvarlegar athugasemdir voru gerðar í rýninni.



Fyrirframrýni útboðslýsinga, samanburður milli ára. Meðaltal athugasemda per ár í skoðuðum verkum.

Nýframkvæmdir, gæðaeftirlit og árangursmat

Ákveðið var að breyta fyrirkomulagi á úttektum nýbygginga þannig að tekin eru út tvö verk á hverju svæði. Eitt útboðsverk sem lokið hefur verið við og annað sem er í framkvæmd. Þetta er gert til þess að ná fram betri virkni í gæðakerfi nýbygginga. Árið 2009 voru átta nýbyggingaverk árangursmetin. Þetta er fimmta árið sem skipuleg úttekt er gerð á nýbyggingaverkum. Fæst með þessu nokkuð góður samanburður á verkum sem lokið hefur verið við milli ára og svæða.

Samanburður á verkum í framkvæmd er ekki raunhæfur þar sem verkin geta verið komin mislangt í framkvæmd og því misjafnt hversu mörg atriði eru skoðuð í hverju verki. Virkni



Nýbygging, Djúpvegur (61), brú yfir Mjóafjörð.



Aðsetur árangurs- og eftirlitsdeildar er í starfsstöð Vegagerðarinnar að Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki.

gæðakerfis verktaka var ekki metið þar sem átaksverkefni er í gangi til að koma á virku gæðakerfi í framkvæmdum.

Úttektir á verkum sem lokið hefur verið við eru nokkuð viðamiklar og fjölmörg atriði í undirbúningi og verkframvindu skoðuð. Búinir hafa verið til verkferlar og gátlistar við úttektirnar þar sem fram kemur hvað eigi að skoða og á hvern hátt. Notaður er gagnagrunnur þar sem árangursmatið er skráð og auðveldar það allan samanburð og tryggir sambærilegt mat á athugasemdum. Eftirfarandi grunnþættir eru skoðaðir í

einstökum verkum:

- Rýni útboðsgagna
- Burðarþolshönnun vega
- Kröfur um efnisgæði
- Framkvæmdamappa - gæðakerfi framkvæmda
- Úttektir og rannsóknir
- Fjárhagsúttekt
- Samningar
- Verkfundagerðir
- Mælingar
- Vettvangsskoðun

Gerðar voru 38 athugasemdir í þessum verkum eða að meðaltali 9,5 athugasemdir í hverju verki. Athugasemdir eru fyrst flokkaðar í þrjá flokka það er, F sem táknar frávik frá verklagsreglu, A ekki í samræmi við Alverk eða útboðslýsingu og B ábending.

Flokkum F og A eru síðan skipt í þrjá flokka:

- 1 Athugasemd
- 2 Alvarleg athugasemd
- 3 Mjög alvarleg athugasemd

Flokkur 1: Athugasemd hefur minnsta vægið, sem dæmi um athugasemd sem fellur í þennan flokk er: *Verkið var tekið út og bókað í fundargerð undir liðnum verkstaða. Ekki fært inn á eyðublað.*

Flokkur 2: Alvarleg athugasemd, dæmi um athugasemd sem flokkast hér: *Vantar að skrá hluta af aukaverkum í verkfundargerð.*

Flokkur 3: Mjög alvarleg athugasemd, þar er um að ræða alvarlegt brot á verklagsreglum eða Alverkinu, dæmi: *Lokauittekta ekki gerð.*

Tvö af þremur markmiðum nást. Alvarlegar athugasemdir eru tvöfalt fleiri en markmiðið. Fjöldi athugasemda í flokki 2 og 3 eykst á milli ára, sem má rekja til þess að gátlisti var endurskoðaður og gæðakerfi verktaka tekið með í matinu. Meðaltal athugasemda í flokki 2 var 6,0 og í flokki 3 var það 2,3. Vinna þarf að því að fækka athugasemdum í flokki 2 og 3.

Atriði	Markmið	Raungildi
Heildarfjöldi frávíka í nýframkvæmdum	<12	9,3
Fjöldi alvarlegra frávíka í nýframkvæmdum	< 3	6
Fjöldi mjög alvarlegra frávíka í nýframkvæmdum	<3	2,3

Markmið í skorkorti Vegagerðarinnar og raungildi 2009.

Nýframkvæmdir - Greining athugasemda í flokki 2 og 3	Fjöldi aths.	Gerð	Stuðull
Rýni útboðsgagna á svæði, ekki framkvæmd	1	F	3
Skrifleg fyrirspurn til lögstjórnanda liggur ekki fyrir	1	F	2
Staðfesting frá undirverktökum, vantar	1	F	2
Endurskoðuð heildarkostnaðaráætlun eftir útboð liggur ekki fyrir	1	F	2
Samningaheimild svæðisstjóra liggur ekki fyrir	2	F	3
Óryggis og heilbrigðisáætlun ekki lögð fram	1	A	2
Gæðakerfi sem verktaki leggur fram, ábótavant	3	A	3
Gæðakerfi sem verktaki leggur fram, ábótavant	3	A	2
Samræmd verkáætlun, ekki gerð	2	F	2
Endurskoðuð verkáætlun verktaka ekki gerð	1	F	2
Framleiðsluprófanir á eignum, fjöldi prófa ekki í samræmi kröfur í útboðsgögnum	1	A	2
Skil á verkföngum, ekki gert formlaga	1	F	2
Ársfjórðugslegt uppgjör, ekki gert	1	F	2
Aðvörðun til svæðisstjóra vegna umframkostnaðar liggur ekki fyrir	2	F	2
Ákvörðun svæðisstjóra vegna umframkostnaðar ekki skjalfest	1	F	2
Rýni á framkvæmd í verklok ekki framkvæmd	2	F	2
Úttektarmælingum ábótavant, þjöppunarskýrslur liggja ekki fyrir	1	A	3
Ekki reiknaðar dagsektir, eða samið um framlengingu á verk tíma	1	A	3
Ekki bókað í fundargerð að samið hafi verið um framlengingu á verk tíma	2	A	2
Lokaverkfundur, bókun ábótavant	1	F	2
Mat á verktaka (í lok verks), liggur ekki fyrir	2	F	2
Afhending á mannvirkni í rekstur, fór ekki fram	1	F	3
Framkvæmdaskýrsla/skilamat, ekki gert	1	F	2
Samtals	33		

Greining á athugasemdum í flokki 2 og 3 í árangursmati nýbyggingaverka 2009.

Viðhald, gæðaeftirlit og árangursmat

Á sama hátt og við nýbyggingar var ákveðið var að breyta fyrirkomulagi á úttektum viðhaldsverka þannig að tekin eru út tvö verk á hverju svæði. Eitt útboðsverk sem lokið hefur verið við og annað sem er í framkvæmd. Þetta er gert til þess að ná fram betri virkni í gæðakerfi viðhaldsverka.

Árið 2009 voru átta viðhaldsverk árangursmetin. Samanburður á verkum í framkvæmd er ekki raunhæfur þar sem verkin geta verið komin mislangt í framkvæmd og því misjafnt hversu mörg atriði eru skoðuð í hverju verki.

Metin voru fjögur verk sem var lokið, eitt af hverju svæði. Fjöldamörg atriði varðandi undirbúning, verkframvindu og verklok voru skoðuð að venju.


Í úttektunum er stuðst við gátlista sem byggðir eru á gildandi verklagsreglum þar sem fram kemur hvað skuli skoða og hvernig. Helstu þættir sem skoðaðir eru í einstökum viðhaldsverkum:

- Rýni útboðsgagna
- Gæðakerfi verktaka
- Kröfur um áætlanir og efnisgæði
- Úttektir og rannsóknir
- Fjárhagsúttektir
- Samningar
- Verkfundagerðir

Niðurstöðum er skipt í tvennt, eftiráryni útboðs-lýsinga annars vegar og gæðauúttekt og árangursmat hins vegar.

Útboðsgögn voru rýnd í þremur af ofangreindum fjórum verkum. Tafla 17 sýnir samantekt á rýninni. Stuðull 2 er alvarleg athugasemd og stuðull 3 er mjög alvarleg athugasemd.

Samtals voru gerðar 2 athugasemdir eða að meðaltali 0,7 athugasemdir pr. verk. Engar alvarlegar eða mjög alvarlegar athugasemdir komu fram við rýnina.



Eftiráryni útboðslýsinga í viðhaldi, samanburður milli árunna 2007-2009.


Eins og í nýbyggingum eru athugasemdir gæðauúttektar og árangursmats flokkaðar í þrjá flokka þar sem F táknar frávik frá verklagsreglu, A þýðir athugasemd sem ekki er í samræmi við Alverk eða útboðslýsingu og B þýðir ábending.

Flokkum F og A er síðan skipt í þrjá flokka:

1. Athugasemd
2. Alvarleg athugasemd
3. Mjög alvarleg athugasemd

Gerðar voru samtals 42 athugasemdir við verkin fjögur eða að meðaltali 10,5 athugasemdir pr. verk. Fjöldi alvarlegra athugasemda við gæðauúttektir í viðhaldi á árinu 2009 er 4,8 að meðaltali í hverju verki og mjög alvarlegra athugasemda 5,8 að meðaltali í verki.

Markmiðssetning varðandi árangur í skorkorti Vegagerðarinnar er að heildarfjöldi frávíka séu færri en 12 og náðist það markmið með raungildi 10,5. Fjöldi alvarlegra frávíka í viðhaldsverkum skal vera innan við 3 en það markmið náðist ekki með raungildi 4,8. Fjöldi alvarlegra frávíka í viðhaldsverkum skal einnig vera innan við 3 en það markmið náðist ekki með raungildi 5,8.



Árangursmat í viðhaldsverkum, meðalfjöldi athugasemda, samanburður árunna 2007 - 2009.

Sumarþjónusta, gæðaeftirlit og árangursmat

Árangursdeild framkvæmdi sumarið 2009 í fimmta sinn gæðaeftirlit á sumarþjónustu Vegagerðarinnar. Mikil endurskoðun og talsverðar breytingar voru gerðar á bæði fyrirkomulagi úttekta, skráningu og mati. Helstu breytingarnar voru á úttektum malarlitlaga, þar sem nú er lögð áhersla á að mæla þverhalla nákvæmlega í völdum stikubílum 20% - 40% kaflans, skrá og stöðvarsetja þar sem hallinn nær ekki lágmarks viðmiði, sem er $\geq 3\%$. Mat á þekju og þverhalla hefur mest vægi, 1. Aðrir matsþættir og vægi eru; lausamöl 1/2, þvottabretti 1/4, holur 1/4 og rastir og laust grjót í köntum 1/2.


Eins og sumarið 2008 voru allar athugasemdir við umferðarmerki stöðvarsettar og myndir teknar, en nú einnig við skemmdar vegaxlir. Vægi á hallandi kantstikum var minnkað um helming og er nú 1/4 miðað við fallna stiku. Auk þessa var gæðakröfum þjónustuflokka breytt í samræmi við útkomu og reynslu undanfarinna ára.

Samtals voru 1.945 km í úttekt (5.734 km 2008). Tveir úttektarmenn árangursdeildar önnuðust úttektirnar og verkefnastjóri.

Úttektir hófust 10. júní og stóðu með hléum til 23. september, úttektardagar 34 eða 57,2 km/dag að meðaltali.

Talsverður tími fór í að skrá athugasemdir á umferðarmerkjum með stöðvarsetningu. Í næstu úttekt er áætlað að athuga hvort úrbætur hafi verið gerðar.

Að lokinni úttekt á viðkomandi rekstrarstjórsvæði voru gerðar úttektarskýrslur yfir niðurstöður með sundurliðun athugasemda, gæðaeinkunum og frávikum. Einnig var gerð sérstök athugasemdaskýrsla yfir helstu athugasemdir með myndum og stöðvarsetningu. Skýrslur þessar ásamt myndum



Gæðaeftirlit í sumarþjónustu - áætlun 2009 - þjónustuflokkar, vegalengdir og vegir í úttektum

frá úttektum eru settar á sameiginlegt skráarsvæði með tengingu frá innri vef Vegagerðarinnar, eins og undanfarin ár, merkt hverjum rekstrarstjóra, vegi og stöð.

Í vikunni eftirúttekt hjá viðkomandi rekstrar-/yfirverkstjórum, var fundað með þeim, þjónustustjóra og yfirmanni þjónustu, um fjarfundabúnað og/eða síma og farið yfir úttektirnar. Helstu úrbætur í sumarþjónustunni sem koma þarf í verk eru að:

1. Bæta ástand malar slitlags, sem er undir kröfum og vinna þarf markvisst að úrbótum. Gæta þarf að nægum þverhalli við heflun
2. Gefa þarf út „Handbók um gæðaúttektir“ fyrir sumarþjónustuna.
3. Huga að viðgerðum á vegöxlum, sem víða eru slæmar og jafnvel hættulegar.
4. Viðhald stika er víðast í lagi en þarfnast úrbóta, einkum á Suðursvæði.
5. Víða er ástand umferðarmerkja í þéttbýli slæmt. Athuga þarf eftirfylgni úttekta m.t.t. þjónustusamninga við sveitarfélög ■

Framhald verður í næsta blaði.



Mældur þverhalli með hallamæli í úttektarbíl árangursdeildar.



Léleg þekja malar slitlags.



Slæmar vegaxlir á Hringvegi (1).



Dæmi um gott malar slitlag.



Gamla Markarfljótsbrúin í flóðinu 14. apríl. Í baksýn má sjá Stóra Dímon en 2 km varnargarður liggur milli hans og gömlu brúarinnar. Á síðunni til hægri má sjá myndir frá gerð þessa varnargarðs og eru þær úr safni Geir G. Zoëga. Lokið var við brúargerðina og gerð varnargarðanna árið 1933. Brúin mun hafa kostað 120 þúsund krónur en garðarnir 170 þúsund krónur.



Höfnin í Bakkafljóru og ósar Markarfljóts í flóðinu 14. apríl. Myndir: Þórdís Högnadóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans, í



Varnargarður í byggingu 1933. Stóri Dímon í baksýn.



Gamla Markarfljótsbrúin á vígsludegi haustið 1933.

Leiðréttingar

Í síðast tölublaði birtust niðurstöður útboðs á yfirborðsmerkingum 2010-2012. Þar var ranglega farið með heiti lægstbjóðanda. Fyrirtækið heitir Vegamálun ehf. en ekki Vegmálun ehf.



Þessi mynd er úr myndasafni Geirs G. Zoëga og birtist í 4. tbl. þessa árs. Þar var því ranglega haldið fram að hún væri frá Bíldudal. Fjölmargar ábendingar komu um að myndin væri frá Þingeyri.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir Norðaustursvæði 2010, norðurhluti, klæðing 10-042

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á norðurhluta Norðaustursvæðis.

Helstu magntölur:

Yfirlagnir	325.000 m
Flutningur steinefna	4.700 m
Flutningur bindiefna	555 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 20. ágúst 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá, Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 19. apríl 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 4. maí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlagnir á Suðursvæði 2010, malbik 10-005

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir á Suðursvæði 2010, með malbiki. Helstu magntölur eru:

Malbik	2.200 tonn
Hjólfarafyllingar	26.100 m ²
Yfirlagnir	10.500 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfoss og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 19. apríl 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 4. maí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2010, klæðing 10-004

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði og Suðvestursvæði árið 2010.

Heildarlengd yfirlagna er u.þ.b. 46 km.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir, klæðing (K1), með flokkaðri mól.	24.000 m
Yfirlagnir, klæðing (K1), án efnis.	261.000 m
Hjólfarafylling, klæðing (K1), án efnis	40.000 m
Klæðing, bindi og viðlöðunarefni	590 tonn

Verklok eru 1. september 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 19. apríl 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 4. maí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
10-041 Reykjanesbraut (41), hringtorg við Grænás	10
09-035 Kringlumýrarbraut (40), rampi og undirgöng við Bústaðaveg	10
10-003 Vetrarþjónusta 2010 - 2014, Rangárvallasýsla og Flói	10
10-016 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2010, malbik	10
10-018 Hringvegur (1) um Fjarðará í Lóni	10
10-007 Styrkingar á Suðursvæði 2010	10
10-032 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hellissandur - Fróðárheiði - Breiðavík	10
10-014 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vestfirðir	10
10-031 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Borgarnes - göng, Akrafjallsvegur og Hvalfjörður	10
10-011 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2010	10
10-029 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Djúpvogur - Höfn	10
10-023 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur(85), Raufarhöfn - Fell	10
10-024 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Bakkafjörður og Vopnafjörður	10
10-025 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, vegir á Fljótsdalshéraði	10
10-021 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Lón - Raufarhafnararfleggjari	10
10-026 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðfjarðarvegur	10
10-022 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Einarstaðir - Biskupsháls	10
10-028 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Breiðdalsvík - Djúpvogur	10
10-019 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Eyjafjörður að vestan	10
10-020 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Kross - Lón í Kelduhverfi	10
10-030 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Höfn - Skeiðarársandur	10
10-027 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Suðurfjarðavegur, Fáskrúðsfjarðargöng - Breiðdalur	10

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
10-036 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Siglufjarðarvegur	10
10-001 Sumarþjónusta á Suðursvæði 2010, heflun	10
10-013 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Norðurland vestra	10
10-012 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vesturland	10
10-002 Sumarþjónusta á Suðursvæði 2010, sópun og grassláttur	10
10-006 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2010	10
10-035 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Brú - Blönduós	10
10-034 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Innstrandavegur, Brú - Guðlaugsvík	10
10-037 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2010, malbik	10
10-039 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvogur, Vestfjarðavegur í Reykhólasveit -Reykjanes	10
10-038 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvogur, Reykjanes - Bolungarvík	10
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
10-004 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2010, klæðing	19.04.10 04.05.10
10-005 Yfirlagnir á Suðursvæði 2010, malbik	19.04.10 04.05.10
10-042 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2010, norðurhluti, klæðing	19.04.10 04.05.10
10-015 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2010, austurhluti, klæðing	12.04.10 27.04.10
10-008 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2010, blettir	12.04.10 27.04.10
10-009 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2010, klæðing	12.04.10 27.04.10
09-034 Hringvegur (1) - tvöföldun, Fossvellir -Draugahlíðar	08.03.10 20.04.10
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
10-010 Yfirborðsmerkingar 2010 -2012, vegmálun	22.03.10 07.04.10
09-007 Hringvegur (1), tvöföldun Hafravatnsvegur - Þingvallavegur	15.03.10 07.04.10
10-017 Hringvegur (1), Jökulsá á Breiðamerkursandi, rofvörn farvegur	08.03.10 23.03.10



Yfirlögn klæðingar í Öxnadal. Í þessu blaði eru auglýst þrjú útboð á yfirlögnum, sjá bls. 7. Mynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir.